



Pési

Des 2014
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

24. árgangur. 288 tölublað.
pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Næsti Pési kemur út
15.jan 2015. efni
þarf að berast í
síðasta lagi 12.jan

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA

*Sendum íbúum Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeigendum og öllum
viðskiptavinum nær og fjær,
hugheilar jóla og nýárskveðjur með þakklæti
fyrir árið sem er að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps.*



Sveitarstjórapistill

Jólamánuðurinn mikli er nú runninn upp. Það hefur nú ekki farið mikið fyrir jólastemmingunni í sambandi við veðrið en nóvembermánuður sló víst einhver hita- og svitamet. Spurning hvort verði að færa haustið aftur til jóla eða ákveða að árstíðin skiptist í tvennt, hálfvetur og síðan allt annað eins? Það er hins vegar alltaf „sumar“ í Flúðaskóla og gaman að heimsækja skólann á degi íslenskrar tungu. Skemmtilegt verkefni sem nemendur setja upp og greinilegt að við eigum skapandi krakka og starfsfólk í skólanum.

Nú er vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 lokið, reyndar líka fyrir árin 2016-2018, og sveitarstjórn búin að samþykkja áætlunina. Þegar þessi vinna er frá er næsta skref að fara að huga að framkvæmd áætlunarinnar. Næsta ár verður svoltið upptekið við að klára stækkun íþróttahússins. Núverandi áætlanir benda til þess að verkefnið kosti í heild um 193 milljónir og þar af falli um 93 millj. á næsta ár. Það verður spennandi að gera klárt fyrir opnun hússins í þessari mynd næsta haust. Einnig hefur verið gaman að vinna með starfsmönnum sveitarfélagsins, stjórn og deildum UMFH og íþróttakennurum að útfæra og koma með góðar hugmyndir hvernig húsið skuli búið að innan og þeim tækjum og tólum, sem þarf að fá í húsið þannig að við getum verið stolt af því. Það er ekki launung á því að það er drjúgur kostnaður sem felst í því að útbúa húsið vel tækjum og tólum. UMFH og deildirnar myndu gjarnan þiggja stuðning fyrirtækja o.fl til að fjármagna kaup á hinum ýmsum tækjum en sveitarfélagið er ansi upptekið að kosta stóru myndina og þarf að taka lán fyrir framkvæmdum við stækkunina.

Að öðru leyti á þessi framkvæmd ekki að trufla mikið önnur fjárfestingar- og viðhaldsverkefni sem sveitarfélagið ætlar sér í á næstu árum. Þau verkefni ætlum við hins vegar helst að framkvæma án lántöku en við ætlum að klára að malbika íbúðargötur á Flúðum á næsta ári. Þá verður farið í Högnastíginn og Vesturbrúnn kláruð. Hins vegar þarf í leiðinni að endurnýja lagnir í Högnastígnum sem er heilmikið verk og trúlega þurfum við að taka einhver lán vegna fráveituframkvæmda nema eitthvað birti til tekjumegin hjá sveitarfélaginu. Þá er áfram gert ráð fyrir verulegum fjármunum í ytra viðhald á Flúðaskóla en eins og stendur er það að verða eina húsið í eigu sveitarfélagsins sem enn lekur. Þá þarf nauðsynlega að mála þakið á Félagsheimilinu og eldra hluta íþróttahússins til að koma í veg fyrir að þau skemmist. Þá á að halda áfram með minni verkefni eins og skrudgarðinn á Flúðum, vinna að fegrun umhverfis o.fl. sem við höfum verið að vinna í undanfarin ár.

Eitt verkefni er þó nýtt af nálinni sem er að koma upp aðstöðu til að verka og nýta seyru með nýjum hætti til landgræðslu og landbóta. Komið hefur verið af stað samstarfsverkefni Uppsveita og Flóa um að kaupa tæki til að kalka seyru þannig að hún teljist vera verkuð seyra þannig að megi yfirborðsdreifa henni. Sú aðferð sem Hrunamannahreppur hefur notað til að safna seyru og fella hana niður er góð eins langt eins og hún nær en þessi nýja útfærsla færir verkefnið á hærra plan. Þetta verkefni hefur vakið athygli hjá mörgum sveitarfélögum og verður mjög spennandi að þróa þetta áfram. Trúlega verður útbúin aðstaða við gámasvæðið á Flúðum til að vinna seyruna og hún síðan flutt á þá staði þar sem hún verður nýtt til áburðar.

Þetta verkefni kostar eins og allt annað en þarna skiptir samstaða sveitarfélaganna miklu máli og reyndar einnig sú aðferðarfræði sveitarfélaganna í Uppsveitum að vera með sameiginlegt Tæknisvið sem hefur reynst þessu verkefni, sem öðrum, góður liðsauki.

Þessi verkefni og fleiri krefjast þess að sveitarfélagið þurfi að hafa nokkuð öfluga tekjustofna og það þýðir væntanlega að erfitt er að lækka almennt gjaldskrár og slíkt á komandi árum þó eðlega þurfi menn að vera mjög vakandi yfir almennum rekstri og halda gjaldskrármálum hóflegum og sanngjörnum. Mikilvægt er því að reka sveitarstjóð með viðunandi afkomu, einmitt til að geta framkvæmt venjulega hluti án lántöku, og þannig er áætlanum næstu ára stillt upp. Reynt er þó að koma á mótis við ákveðna hópa og hefur sveitarstjórn t.d. ákveðið að halda gjaldskrár leikskólans Undralands óbreyttri á næsta ári og vonandi hjálpar það barnafólkinu í baráttunni.

Eitt er þó nýmæli í gjaldskrármálum en nú verður býlum og fyrirtækjum boðið upp á leigja blátunnukör gegn hóflegu leigugjaldi og ef er verið að hirða blátunnukör á sama svæði þá er hirðingin innifalin í leigugjaldinu. Það hefur sýnt sig að að íbúar, sumarhúsagestir og fyrirtæki hafa tekið blátunnunni vel og nú er verið að svara eftirspurn og reyna að færa þjónustuna nær notendum ef þeir vilja. Að sjálfsgöðu geta allir komið með pappír án endurgjalds upp á gámasvæði ef þeir kjósa svo en okkur þykir þessi möguleiki auka þjónustuna. Í lok ársins kemur endanlega í ljós hvernig blátunnuverkefnið hefur þróast en okkur sýnist að verulegur sparnaður hafi náðst í sorpeyðingargjöldum þó augljóslega kosti hirðingin sitt. Ein ábending varðandi blátunnuna, en nú er heimilt að setja allan jólapappír í blátunnuna þannig að ég bið menn að hafa það í huga. Hins vegar er gott að hafa í huga að næsta blátunnuhirðing á ekki að fara fram fyrir en strax eftir áramót þannig að ég bið fólk um að troða í sína blátunnu og ef það tekst ekki er um að gera að koma umframpappír í grenndarstöðvar eða upp á gámasvæði.

Ég vil líka minna á að þar sem við erum í Brunavörnum Árnassýslu fer slökkviliðið ekki í heimsóknir á heimili á Flúðum til að athuga með reykskynjara og slökkvitæki eins og verið hefur. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjapjónustu Brunavarna Árnassýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettándabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 3. janúar 2014. Ég vil hvetja alla til að njóta adventunnar með fjölskyldunni á góðan hátt og finna hinn rétta jólaanda. Hafið í huga heiti óskalags þjóðarinnar „Þannig týnist tíminn“ en bæði heiti lagsins og innihald á vel við í jólaösinni um að nota tímann vel með sér og sínum. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunamannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson


Sveitarstjóri



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.
Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.

Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti fást ennþá í Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin. Tilvalið í jólapakkann. Allur ágóði fer til líknarmála.
Verið velkomin. Guðrún í Þverspyrnu. Sími: 486 6735



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Jól og áramót:

23-26 des og gamlársgangur og nýársdagur er LOKAÐ.



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

Jól og áramót:

23-28 des og gamlársgangur og nýársdagur er LOKAÐ.

22, 29 og 30. des er opið frá kl: 16:00-21:30.

2.janúar 2015 er opið frá kl: 13:00-18:00.

ÞRIF!!

Tek að mér að þrifa gólfteppi og áklæði á
bólstruðum húsgögnum.

Er með góða teppahreinsivél.

Upplýsingar í síma: 857 8132



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Gistiheimilið Flúðum - Kaffi Grund

Í vetur verður opið:

Mánudaga til fimmtudaga: 11:30 - 14:00 og 18:00 - 21:00

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga: 11:30 - 21:00

Sími 565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 480 5112

Auglýsing frá hjónaballsnefnd 2015

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum
sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi
Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á
Flúðum 7. mars 2015.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu
öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.
Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í
gegnum netfangið lkot@simnet.is eða hringja í
Valdísu í síma 8226617 fyrir 15. desember 2014.



Hjónaballsnefndin ☺

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Smárafréttir

DESEMBER 2014



UPPSVEITADEILDIN 2015 verður haldin með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár. Nú hafa reglur deildarinnar verið uppfærðar og má finna þær inn á www.smari.is undir liðnum UPPSVEITADEILDIN. Samkvæmt nýjum reglum er það nú í höndum hestamannafélagana að manna sín lið og hefur Smári rétt á að senda 4 lið til leiks.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í deildinni í vetur eru hvattir til að senda inn nafn og símanúmer á netfangið smari@smari.is síðasta lagi 12 janúar 2015.

Í framhaldi mun stjórn boða til fundar þar sem dregið verður í lið.

Ekki hika við að skrá ykkur sem fyrst !!

NÚ ÞEGAR ER BÚIÐ AÐ SKIPULEGGJA ÞESSA VIÐBURÐI, TAKIÐ DAGANA ENDILEGA FRÁ



26. JANÚAR	AÐALFUNDUR
14 FEBRÚAR	1. VETRARMÓT
20 FEBRÚAR	UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR
7 MARS	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
14 MARS	2. VETRARMÓT
20 MARS	UPPSVEITDADEILD FIMMGANGUR
1 APRÍL	SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT
11 APRÍL	UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR
17 APRÍL	UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ
25 APRÍL	3. VETRARMÓT
1 MAÍ	FIRMAKEPPNI
11 MAÍ	UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Kæru Smáarakrakkar og foreldrar! Æskulýðsnefnd Smára þakka öllum fyrir starfið og samveruna á árinu sem er að líða. Við hlökkum til starfsins á næsta ári með aukna áherslu á námskeiðahald.

Einnig viljum við þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa stutt starfið með fjár- og vinnuframlögum!

Áfram Smáarakrakkar!

Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára

**Gleðileg jól og
farsælt komandi ár!**



Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Til sölu er lítið notuð borðsög.
Nánari upplýsingar eru í síma 898-4876
Lilja Helgadóttir

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Frá Hrunaprestakalli

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: *Miðnætturguðsþjónusta* á aðfangadagskvöld í Hrunakirkju kl. 23.

25. desember - jóladagur: *Hátíðarmessur*. Stóra-Núpskirkja kl. 11 og Hrepphólakirkja kl. 14. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar sungnir.

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í Ólafsvallakirkju kl. 22. Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársgdagur: *Guðsþjónusta* á gamlársgdag í Tungufellskirkju kl. 15. Forsöngvari leiðir sönginn.

Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16:30. Gamla árið kvatt. „Nú árið er liðið í aldanna skaut..." Afi og barnabarn hans lesa ritningarlestra.



4. janúar 2015: *Nýársmessa* í Hrepphólakirkju kl. 14. Nýju ári heilsað. „Hvað boðar nýárs blessuð sól?" Afi og barnabarn hans lesa ritningarlestra.

Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu Hrunaprestakalls, hruni.is.

Sjáumst í kirkju um hátíðarnar!

Með ósk um friðsæla aðventu og gleðileg jól.
Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur





Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á

heimasíðu BÁ, www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.

Sauðakjötið komið úr reykkofanum, taðreykt og kaldreykt. Sauðalæri tvíreykt góð hrá, reyktir frampartar í bitum með beini, og úrbeinaðir reyktir hryggir, finir í forrétt.

Pantanir í síma 486-6079 og 895-8079 og netfang fossnes@uppsveitir.is

Gleðileg jól.

Sigrún Fossnesi



"Ég er að fara að vinna við Leikskólann Undraland à Flúðum 1. desember og mig vantar húsnæði à Flúðum eða nàgrenni. Stúdíó-íbúð eða lítið hús í nàgrenni við Flúðir óskast til leigu. Netfangið mitt er herczeg.sara@gmail.com.

Síminn minn er 6157569.

Með kærri kveðju, Sára Herczeg"





Eldri borgarar – jólakaffi!

Hótel Flúðir býður eldri borgara
velkomna í árlegt jólakaffi,
þriðjudaginn 16. desember kl: 16:00.



Jólaþveðja

*Sendum öllum óskir um gleðileg jól og
farsældar á komandi ári.*



*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Flúðaleið og SR-Grænmeti Flúðum.*



Frá Útlaganum

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum
hugheilar jóla og nýársþveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða*



Tónleikar í Hrunakirkju.

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna býður á sína
árlegu vetrarsólstöðutónleika, sunnudaginn 21.
des. Kl. 20:30.

Kórinn flytur úrval kirkjutónlistar auk ljóðalesturs.

**SÉRSTAKUR GESTUR Í ÁR ER
HÖRPULEIKARINN
HALLGRÍMUR DAVÍÐ EGILSSON.**


Stjórnandi og undirleikari verður Stefán Þorleifsson.

Komið og eigið notalega stund í kirkjunni við inngang jólanna.



Kæru sveitungar

Við í Bragganum í Birtingaholti munum hafa opið allar helgar á aðventunni og bjóðum alla velkomna til okkar í notalega jólastemningu. Við munum bjóða upp á ýmsar jólalegar veitingar, jóla dögurð, írskt-kaffikvöld, smákökur og heitt súkkulaði. Vinnustofan verður opin og er tilvalið versla jólagjafir í rólegheitum, hægt er að koma við á vinnustofunni flesta daga utan opnunartíma, hringið endilega á undan til að vera viss um að einhver sé á svæðinu (Erna-8979923).



Þann 15. des munum við aftur fá í heimsókn til okkar hina dásamlegu hljómsveit Brother Grass sem heimsóttu okkur við mikla gleði síðasta sumar. Hægt er að panta miða hjá Ernu í síma 8979923 eða á tölvupóstfanginu okkar bragginn.leirogkaffi@gmail.com. Sjáumst í hátíðar-stemningu.

- 13. og 14. desember - Opið 12-18, Jóla Dögurður 12-15
- 15. desember - Jólatónleikar með Brother Grass
- 18. desember - Írskt Jóla-Kaffi og Sænsk Glögg 19-23
- 20. og 21. desember - Opið 12-18, Jóla Dögurður 12-15

[facebook.com/bragginn](https://www.facebook.com/bragginn)
#bragginnstudio



Áramótabrenna,
á lóð Tjaldmiðstöðvarinnar
á Flúðum,
kl: 20:30 á gamlárskvöld.



Prettándabrenna og flugeldasýning Björgunarfélagsins
Eyvindar verður á sama stað

3.janúar 2015 kl: 20:00.

Brennustjórar



Fréttir frá stjórn Kerlingarfjallavina.

Nú er að verða liðið annað starfsár hollvinasamtaka Kerlingarfjalla, Kerlingarfjallavina. Árið hefur verið mjög viðburðarríkt og skemmtilegt. Stjórnin vann að því hörðum höndum að safna styrkjum til að hægt væri að fara í einhverjar framkvæmdir inni fjöllum en ákveðið var að byrja á því að bæta aðgengi og öryggi inni Hveradölum. Sótt var um styrki til nokkurra aðila og fengum við styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða uppá 1.560.500 og frá Samfélagssjóði Landsvirkjunar uppá 750.000 kr. Sveitarfélagið fékk svo 9.000.000 úthlutaðar frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda í Kerlingarfjöllum sem gerði það að verkum að mikið var hægt að framkvæma í sumar. Gerðar voru tröppur, göngustígar, nýjar brýr og upplýsingar- og öryggisskilti. Nánari upplýsingar um framkvæmdir sumarsins er hægt að sjá inná [facebookarsíðu Kerlingarfjallavina](#) eða á aðalfundi félagsins sem haldinn verður á nýju ári.

Meðlimir Kerlingarfjallavina eru nú 50 og eru heimamenn stærsti hlutinn af þeim og þökkum við fyrir góða þátttöku heimamanna. Árgjald í samtökunum er 3000 kr.

Næstu verkefni stjórnarinnar eru að vinna í því sækja um styrki til að hægt verði að fara í að merkja leiðir og skipuleggja. Þá verður gott að geta leitað til heimamanna t.d með skipulagningu á reiðleiðum um svæðið . Allaf er pláss fyrir fleiri meðlimi í Kerlingarfjallavinum og geta þeir sem vilja vera með haft samband við stjórnarmeðlimi eða bara með tölvupósti á netfangið

kerlingarfjallavinir@gmail.com



Stjórn Kerlingarfjallavina er svona skipuð
Íris Marelsdóttir formaður
Friðrik S. Halldórsson gjaldkeri (fulltrúi Fannborgar)
Halldóra Hjörleifsdóttir ritari (fulltrúi Hrunamannahrepps)
Jón Bjarnason (fulltrúi Hrunamannahrepps)
Fríða Björg Eðvardsdóttir (fulltrúi náttúruvendarsamtaka)

Sjáumst í Kerlingarfjöllum á næsta ári stjórn Kerlingarfjallavina.




Dósa- og flöskusöfnun 9. bekkjar

Fyrir jólin munu krakkarnir í 9. bekk fara að nýju um sveitina og óska eftir að fá dósir og flöskur hjá íbúum í þeim



tilgangi að safna fyrir Danmerkurferð á næsta ári. **Önnur söfnunarferð verður farin í byrjun næsta árs.**

Ef svo vill til að enginn hafi verið heima þegar söfnunarferð var farin og/eða umbúðirnar orðnar fyrirferðarmiklar þá endilega hafið samband við undirrituð og við sækjum dósirnar/flöskurnar til ykkar.



Snorri – 618-6055

Unnsteinn – 661-5935

Þóra – 861-8383

Í söfnunarferðinni núna fyrir jól munu krakkarnir bjóða ykkur **jólasælgæti** til kaups á afar hagstæðu verði.

Við verðum líka með **kökubasar** á jólamarkaði Eyvindar **laugardaginn 13. desember**. Mikið úrval af girnilegum kökum!

Við þökkum góðar viðtökur og óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Nemendur og foreldrar 9. bekkjar Flúðaskóla.



Jólakveðja

Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir árið sem er að líða.

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/891-7811 Netfang: info@kaffisel.is

*Jólakveðja frá Hótel Flúðum
Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Starfsfólk Hótel Flúða*



**Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamannahrepps
Verður haldin í félagsheimili Hrunamanna
sunnudaginn 28.des. kl. 13.30.**

Vonumst til að sjá ykkur sem flest á skemmtuninni og hvetjið endilega ættingja og vini utansveitar til að koma.

Karl Hallgrímsson og Gréta Gísladóttir á Efra Seli munu sjá um tónlistina.

Jólasveinninn mætir að sjálfsögðu og félagið gefur öllum börnum sælgæti.

Við biðjum ykkur um að grípa eitthvað þægilegt með ykkur á kaffihlaðborðið, en kvenfélagið mun sjá um heita og kalda drykki. Hvetjum alla til að mæta á þessa barna og fjölskylduskemmtun sem haldin hefur verið hér í sveit í yfir 70 ár. Verð kr. 1000,- fyrir eldri en 16 ára.



Hef til sölu nokkrar gerðir af LED vinnuvélaljósum
Ganga fyrir DC 10-30 volta spennu
fást með dreifigeisla (flood beam) eða beinum geisla (spot beam)
myndin er af 45W ljósi 3200 Lumen stærð B157xH97xP75mm
verð 12.000kr m vsk
upplýsingar sími: 8930331 umrot@vortex.is www.ledis.is

HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur). Hægt er að lesa lögin í heild á velferdarraduneyti.is

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 14.janúar 2015.

**Frá launafulltrúa!!!!!!
Hlutaðeigandi eru minntir á
að skila inn skýrslum um
nefndalaun og önnur ógreidd
laun vegna ársins 2014 í
síðasta lagi 19. desember nk.**

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Um jól og áramót er opið:
Þorláksmessa: 09:00-12:00
29.og 30.des: 09:00-16:00*



Kertaljósatónleikar í Hrunakirkju



Þann 27. desember 2014 kl. 21:00.

Komið saman og eigið notalega samverustund í fallegu kirkjunni okkar með þægilegri tónlist í góðum félagsskap.

Aðgangur er ókeypis en við hvetjum ykkur til að koma með nokkrar auka krónur sem renna í "Sjóðinn Góða". Sjóðurinn er til handa þeim fjölskyldum sem þurfa aðstoð yfir hátíðirnar. Að sjóðnum standa Rauði krossinn, Kvenfélögin, Lions, sóknir þjóðkirkjunnar og fleiri aðilar sem sinna líknarmálum og félagslegri aðstoð í Árnessýslu.

Hljómsveitina skipa:

Árni Þór Hilmarsson
Björn Hr. Björnsson
Ester Ágústa
Guðmundsdóttir
Karl Hallgrímsson





© Can Stock Photo - csp11951363



Samkaup strax

Opnunartími um jól og áramót.

Þorláksmessa 23. desember	09:30-18:00
Aðfangadagur 24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum	LOKAÐ
Laugardagur 27. desember	10:00-18:00
Sunnudagur 28. desember	11:00-17:00
Mánudagur 29. desember	09:30-18:00
Þriðjudagur 30. desember	09:30-18:00
31. desember Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur 01.01.2015	LOKAÐ
Föstudagur 02.01.2015	09:30-18:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni.

Munið helgartilboðin.

Bækur á tilboðsverði.

**Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.**

Jólakveðjur

Starfsfólk

Samkaupa Strax á Flúðum.

Sími: 486 6633

GLEÐILEG JÓL.



© Can Stock Photo - csp11951363

Bráðum koma jólin

Josera saltsteinar og bætiefnablokkir



Josera steinefnafötur



TOPTUL - verkfæri á góðu verði



Heyrúlluskeri plast- og netskrælari

Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utan af rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öfluga tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

- Sterkur - Öflugur - Léttur

Leikföng fyrir tilvonandi bændur og lengra komna



Stígvél



Kuldagallar



Hestaskór



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Það er fátt betra, nú þegar skammdegið er allsráðandi, að koma sér vel fyrir með góða bók. Því er um að gera og kíkja á bókasafnið og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Takk fyrir afar ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



Með jólakveðju,
Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Frá Félagi eldri Hrunamanna

Árshátíð félagsins verður haldin fimmtudagskvöldið 12.

febrúar 2015. Nánar auglýst síðar. *Takið daginn frá.*

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ykkur liðnar samverustundir.

Bestu kveðjur,
stjórnin.



© Can Stock Photo - csp11951363





FLUGELDASALA

**Flugeldasala Björgunarfélagsins Eyvindar
verður sem hér segir, í húsi félagsins,
Sunnudaginn 28. des frá kl. 13:00 – 22:00
mánudaginn 29. des frá 13:00 – 22:00
Þriðjudaginn 30. des frá 13:00-22:00
Og miðvikudaginn 31. des frá 10:00 – 16:00**

Árlega hafa fyrirtæki og einstaklingar gert það að verkum að hægt hefur verið að setja upp stórkostlega flugeldasýningu hér í sveit.

Stefnt er að því að halda þessa árlegu flugeldasýningu laugardaginn 3. janúar, ef veður leyfir.

Hvetjum alla til að styrkja hana svo hún verði sem flottust!

Allur ágóði af flugeldasölu rennur óskiptur til
Björgunarfélagsins Eyvindar

*Björgunarfélagið Eyvindur og unglíngadeildin Vindur
senda öllum Hrunamönnum, nærsveitungum og öðrum
þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða annan hátt, óskir
um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár með
þökk fyrir góðan stuðning á liðnu ári.*



*Okkar bestu óskir um
Gleðilega jólahátíð og heillaríkt komandi ár.
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
Vélaverkstæðið Klakkur*

Hér kemur skemmtileg mynd frá Katrínu Jónsdóttur, en myndin er tekin sl. vor.

Vorkaffi á Vesturbrúninni



Jólamarkaður og jólatrjáasala björgunarfélagsins Eyvindar Flúðum.

Laugardaginn 13. desember verður jólastemning í sveitinni.

Í húsi björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum verður, frá kl 13:00 - 16:00 hin árlega jólatrjáasala björgunarfélagsins þar sem allar helstu tegundir eru í boði.

- Jólamarkaður með miklu úrvali og mörg söluborð og tombóla þar sem aðalvinningurinn er jólatré. Allur ávinningur af tombólunni fer í kaup á endurlífgunardúkkum. Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.

Milli 15 og 16 kemur jólasveinn með sem ætlar að gefa öllum góðu krökkum smá jóla glaðning.

Ath. jólatrjáasalan er einnig opin á sunnudeginum 14. des frá 13:00 til 17:00.

Kjöt frá Koti Það er jólastemning hjá okkur !

við verðum með opið frá kl.11:00-18:00 laugardaginn 13.
desember.

10% afsláttur verður af öllu kjöti þennan dag.

Tilvalið er að koma við hjá okkur og versla hamborgara, hakk,
gúllas, grafið nautakjöt, nautasteikur og hrossabjúgu



Að versla í heimabyggð er allra hagur 😊
Verið hjartanlega velkomin

Ljósadýró á Flúðum
Ljósni: Hannibal Kjartansson

